



Umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneytið
Borgartúni 26
101 Reykjavík

Reykjavík, 1. september 2025

Efni: Umsögn um drög að reglugerð um plastvörur

Inngangur

Samtök atvinnulífsins og SVP - Samtök verslunar og þjónustu (samtökin) hafa tekið til umsagnar drög að reglugerð um plastvörur sem birt voru í samráðsgátt stjórnvalda 11. ágúst sl. (mál nr. S-143/2025). Reglugerðinni er ætlað að innleiða tiltekin ákvæði tilskipunar Evrópusambandsins (ESB) nr. 2019/904 (hér eftir tilskipunin) um að draga úr áhrifum tiltekinna plastvara á umhverfið og að fullu framkvæmdareglugerð framkvæmdarstjórnarinnar nr. 2020/2151 (hér eftir framkvæmdareglugerðin) um reglur um samræmdar nákvæmar skilgreiningar um merkingar á nánar tilgreindum einnota plastvörum. Í reglugerðardrögunum er þannig kveðið á um skyldu til að merkja sérstaklega þær einnota plastvörur sem upptaldar eru í drögunum, s.s. tíðavörur, blautþurrkur, tóbaksvörur sem innihalda plast og bolla og glös fyrir drykkjarvörur.

Í framkvæmdareglugerð 2020/2151 er kveðið á um að merkingar á tilteknum einnota plastvörum skuli vera á opinberu tungumáli þess aðildarríkis þar sem varan er sett á markað. Samtökin vara við því að framleiðendur þeirra vara sem reglugerðin nær til muni tæplega sjá hag sinn í því að útbúa sérmerkingar á íslensku, sem einungis um 380 þúsund manns hafa að móðurmáli. Líklegt er að nýjar kröfur muni hafa íþyngjandi áhrif á íslenskan örmarkað og leiða til verðhækkana og takmarkaðs framboðs.

Árið 2023 höfðu íslensk stjórnvöld leitað eftir aðlögun við innleiðingu framkvæmdareglugerðarinnar en þeim umleitunum verið hafnað af hálfu framkvæmdastjórnarinnar. Stendur nú til að innleiða reglugerðina þannig að í 2. mgr. 4. gr. er vísað til þess að merkingarnar skuli vera í samræmi við þær kröfur sem fram koma í framkvæmdareglugerðinni. Nái þær áætlanir fram að ganga er ljóst að afleiðingarnar munu hafa verulega neikvæð áhrif.

Er það mat samtakanna að við innleiðingu umræddrar framkvæmdareglugerðar í íslenskan rétt, beri íslenskum stjórnvöldum að líta til þess hvort þær skyldur sem lagðar eru á þá neysluvöru sem undir reglugerðina falla, séu úr hófi íþyngjandi. Við mat á því hvort íslenskum stjórnvöldum beri í raun rétttri skylda til að innleiða reglugerðina með tilvísunaraðferð eins og lýst er að framan, telja samtökin álitamál hvort framkvæmdastjórn ESB hafi farið út fyrir valdmörk sín. Einnig telja samtökin verulegan vafa leika á því hvort framkvæmdastjórnin hafi staðið rétt að mati því er henni ber að framkvæma, bæði við setningu gerðarinnar sem og með því að vísa umleitan íslenskra stjórnvalda til aðlögunar á bug.

Þær skyldur og/eða málsmeðferðarreglur sem samtökin telja álitamál um hvort framkvæmdastjórnin hafi uppfyllt með fullnægjandi hætti lúta annars vegar að valdmörkum



framkvæmdastjórnarinnar (e. discretion) og hins vegar að skyldubundnu mati (e. manifest error of assessment/appraisal). Hvoru tveggja eru mælikvarðar sem beitt er af hálfu dómstóla EFTA og ESB við beitingu endurskoðunarvalds sín er þeir leggja mat á lögmæti ESB gerða.

Tungumálakrafa ESB kemur fram í framkvæmdareglugerð

Heimild framkvæmdastjórnarinnar til að setja umrædda framkvæmdareglugerð er að finna í 7. gr. tilskipunar ESB 2019/904 sem hefur að markmiði að draga úr áhrifum tiltekinna plastvara á umhverfið. Í 1. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar er kveðið á um þær skyldur sem aðildarríkin eiga að uppfylla. Ber þeim að tryggja að tilgreindar vörur séu skýrlega merktar svo neytendum sé ljóst hver sé viðeigandi förgunaraðferð vörunnar. Enn fremur ber að upplýsa hvort plast sé að finna í vöru og hvaða afleiðingar eru af því að umræddar vörur fari ekki í viðeigandi förgunarferli. Enn fremur er kveðið á um skyldu framkvæmdastjórnarinnar til að setja framkvæmdagerð til að ná umræddum markmiðum. Í 2. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar er síðan kveðið nánar á um hvað skuli koma fram í slíkri framkvæmdagerð¹.

Athygli vekur að hvorki 1. né 2. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar kveða hins vegar á um tungumál merkingar. Í 1. mgr. er einungis tekið fram að aðildarríkjum sé skylt að tryggja að neytendur séu með merkingu vara nægilega upplýstir (e. „*marking on its packaging or on the product itself informing consumers of the following*“). Engu að síður kys framkvæmdastjórnin að setja ákaflega stífar kröfur um að merkingar á umræddum vörum skuli vera á opinberu tungumáli, eða tungumálum, aðildarríkjanna. Kemur þetta fram í 3. gr. framkvæmdareglugerðarinnar með eftirfarandi orðalagi: *The information text of the marking shall be written in the official language or languages of the Member State(s) where the single-use plastic product is placed on the market.*

Krafa um að vara sé merkt innihalda plast sé sett fram á opinberu tungumáli aðildarríkis kemur því fram í framkvæmdareglugerðinni, án þess að nokkuð í orðalagi tilskipunarinnar styðji hana.

Tungumálakröfur í annarri neytendalöggjöf

Engum vafa er undirorpið að framkvæmdastjórnin hafi það hlutverk að samræma reglur um merkingar og að við þá vinnu hafi réttilega átt að líta til þess að merkingar myndu upplýsa neytendur með fullnægjandi hætti, enda hefur slíkt lengi verið algengt í Evrópugerðum sem síðan hafa margar verið teknar upp í íslenskan rétt. Má þar t.a.m. nefna reglugerð nr.

1

- (a) provide that the marking of single-use plastic products listed in points (1), (2) and (3) of Part D of the Annex shall be placed on the sales and grouped packaging of those products. Where multiple sales units are grouped at the point of purchase, each sales unit shall bear a marking on its packaging. The marking shall not be required for packaging with a surface area of less than 10 cm²;
- (b) provide that the marking of single-use plastic products listed in point (4) of Part D of the Annex shall be placed on the product itself; and
- (c) consider existing sectoral voluntary approaches and pay particular attention to the need to avoid information that misleads consumers.



1294/2014 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda, sem innleiðir hinar ýmsu ESB gerðir, m.a. reglugerð ESB nr. 1169/2011, en 15. gr. hennar kveður á um að upplýsingar um matvæli skuli koma fram á tungumáli sem neytendur í viðkomandi aðildarríki þar sem varan er markaðssett geta auðveldlega skilið². Orðalag 1. mgr. 3. gr. hinnar íslensku reglugerðar nr. 1294/2014 er svohljóðandi: *Upplýsingar um matvæli skulu vera á íslensku, ensku eða Norðurlandamáli, öðru en finnsku. Heimilt er að upplýsingar séu gefnar á fleiri en einu tungumáli.*

Þá má einnig benda á reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna, en 4. gr. hennar er svohljóðandi: *Merkingar á umbúðum efna og efnablandna skulu vera á íslensku. Þó mega merkingar innfluttra vara bera upprunalegar merkingar á ensku, dönsku, norsku eða sænsku ef [...].* Reglugerð 415/2014 innleiðir einnig ýmsar gerðir ESB, en tungumálakröfuna má finna í gr. 17 (2) reglugerðar ESB nr. 1272/2008.¹ Ákvæðið er svohljóðandi: *The label shall be written in the official language(s) of the Member State(s) where the substance or mixture is placed on the market, unless the Member State(s) concerned provide(s) otherwise. Suppliers may use more languages on their labels than those required by the Member States, provided that the same details appear in all languages used.*

Ofangreint ákvæði vekur sértaka athygli, ekki síst vegna líkinda við þá tungumálakröfu sem finna má í þeirri framkvæmdareglugerð sem umsögn þessi fjallar um. Kveðið er á um merkingu á opinberu tungumáli aðildarríkis í báðum tilfellum, en það sem skilur ákvæðin hins vegar að er seinni málslíður 4. gr. reglugerðar 415/2014, sem kveður á um að aðildarríki geti heimilað sérstaklega að vikið sé frá kröfu um opinbert tungumál.

Nánar um valdmörk framkvæmdastjórnar ESB

Hér að ofan hefur verið fjallað um þá staðreynd að krafa framkvæmdareglugerðarinnar um merkingu á opinberu tungumáli eigi sér ekki stoð í hinni upprunalegu tilskipun. Þá hefur einnig verið sýnt fram á að hún gengur umtalsvert lengra en tungumálakröfur merkinga vegna t.d. matvæla og efnavara, sem gera má ráð fyrir að hafi þann tilgang að stuðla að því að fólk tefli ekki heilsu sinni í tvísýnu eða verði fyrir skaða. Má þá telja eðlilegt að spyrja um hvaða nauðsyn réttlætir þetta frávík, sér í lagi vegna þess að í 36. efnisgrein aðfararorða tilskipunarinnar er skýrt tekið fram að markmiðum hennar skuli náð með hætti sem stuðlar að virkni innri markaðarins og að ekki verði gengið lengra en nauðsyn krefur til að ná markmiðum tilskipunarinnar (e. *In accordance with the principle of proportionality [...], this Directive does not go beyond what is necessary in order to achieve those objectives*). Þá er enn fremur ítrekað í 36. efnisgrein aðfararorða tilskipunarinnar að gæta skuli að kröfum 5. gr. Sáttmálans um stofnun ESB (e. Treaty of the European Union, TEU) sem kveður á um

2

1. *Without prejudice to Article 9(3), mandatory food information shall appear in a language easily understood by the consumers of the Member States where a food is marketed.*
2. *Within their own territory, the Member States in which a food is marketed may stipulate that the particulars shall be given in one or more languages from among the official languages of the Union.*
3. *Paragraphs 1 and 2 shall not preclude the particulars from being indicated in several languages.*



heimildir ESB og þær kröfur sem gerðar eru til athafna stofnana ESB, svo sem þegar framkvæmdastjórnin kveður á um nýjar gerðir. Er þar fyrst og fremst litið til valddreifingar (e. principle of subsidiarity) og meðalhófs (e. principle of proportionality).

Samkvæmt gr. 5 (3) TEU felur meginreglan um valddreifingu í sér að stofnanir ESB eigi ekki að grípa til ráðstafana nema ljóst þyki að aðildarríkin séu verr til þess fallin að ná þeim markmiðum sem lagt er upp með án umræddra ráðstafana. Í fyrirbyggjandi tilviki felast ráðstafanirnar í kröfum um orðalag og tungumál sem eiga að tryggja að neytendur séu upplýstir um plast í vöru. Meginreglan um meðalhóf gildir að sama skapi um að ekki sé gengið lengra en réttlætanlegt er með vísan til skýrt afmarkaðrar nauðsynjar. Þá er einnig nánar kveðið á um hvernig stofnunum ESB ber að líta til þessara meginreglna í viðauka um valddreifingu og meðalhóf, við TEU.²

Samkvæmt 2. gr. viðaukans ber framkvæmdastjórninni að viðhafa samráð áður en gripið er til ráðstafana á borð við nýja gerð og skal m.a. litið til hvernig slíkar gerðir hafa áhrif á hagsmuni tiltekinna landfræðilegra svæða. Þá segir enn fremur í 5. gr. viðaukans að við mat á því hvort efni gerðar sé innan heimildar framkvæmdastjórnarinnar til athafna, og hvort gætt hafi verið að meðalhófi, skuli líta til þess hvort gerðin og þær reglur sem hún inniheldur séu réttlætanlegar og nauðsynlegar. Meta skal hvort um sé að ræða íþyngjandi reglur, hvort heldur m.t.t. fjárhagslegra eða annarskonar hagsmuna, og skal við það mat einnig líta til hagsmuna tiltekinna landfræðilegra svæða og einkaaðila. Leitast skal við að þeirri byrði sem af reglum stafar verði haldið í lágmarki og að hún sé í samræmi við það markmið sem stefnt er að³, í fyrirbyggjandi tilviki að upplýsa neytendur um að tilteknar vörur innihaldi plast.

Þegar viðurkennt er að taka skuli mið af hvernig og hve mikið hagsmunum tiltekinna landfræðilegra svæða er íþyngt, er eðlilegt að horft sé til þess að eyríki eru landfræðilega einangruð og geta því orðið fyrir umframáhrifum lagasetningar samanborið við önnur hagkerfi. Hið sama á við um smá hagkerfi með fámennum málsvæðum. Það liggur í augum uppi að kostnaður við að framleiða sérstakar pakkningar utan um vörur sem seldar eru til ríkja eins og Íslands, eykst þegar auknar kröfur eru gerðar til pakkninga og að sá kostnaður skiptist á færri neytendur. Þannig getur verið um óeðlilega háan hlutfallskostnað að ræða á Íslandi, samanborið við önnur svæði og verður það teljast ganga í berhögg við þá kröfu að tekið sé tillit til hagsmuna m.t.t. landfræðilegs svæðis og smæðar hagkerfisins.

Í fyrirbyggjandi máli fá samtökin ekki betur séð en að nauðsyn hafi með öllu skort til að krefjast þess að opinber tungumál séu á merkingum, ekki síst í ljósi þess að á fámennum málsvæðum kann fólk í langflestum tilfellum skil á öðrum tungumálum. Í samhengi Íslands geta fæstir leyft sér að skilja ekki ensku, enda er enskuskilningur á Íslandi með þeim hæsta sem gerist innan EES. Íslendingar eru þar að auki upp til hópa læsir á eitt eða fleiri norðurlandatungumál. Hafa ber í huga að danska og enska eru hluti af námsskrám grunnskóla.

Samtökin benda á að tilskipunin sjálf er sett með vísan til markmiða sem sett eru fram í grein 191 í sáttmálanum um starfsemi ESB (TFEU), sem fjallar um meginreglur og markmið ESB í umhverfismálum. Í gr. 191 (3) kemur fram að þegar ESB leggur fram stefnumarkmið sín í umhverfismálum, beri ESB að taka tillit til mögulegs ávinnings sem og kostnaðar af athöfnum sínum. Einnig ber ESB að taka mið af bæði samfélagslegum og hagrænum afleiðingum á ákvörðunum. Þá skal sambandið tryggja að jafnræði sé gætt á möguleikum mismunandi landfræðilegra svæða til þróunar (e. balanced development of its regions). Erfitt er að sjá



hvernig kröfur sem skerða samkeppnishæfni fámennra málsvæða á landfræðilegum jaðri innri markaðar EES falla að þessum fyrirmælum.

Í ljósi þessa telja samtökin rök hníga að því að framkvæmdastjórnin hafi farið út fyrir valdmörk sín (e. discretion) þegar hún gerði strangari tungumálakröfu en finna má í reglugerð ESB nr. 1272/2008. Ekki er örgrannt um að grunur vakni að þar hafi einfaldlega verið um afritunarmistök að ræða og að seinni málsliðurinn 4. gr. reglugerðar 415/2014 hafi fallið á brott fyrir mistök. Styrkist sá grunur til muna þegar haft er í huga að merkingar sem reglugerðirnar tvær kveða á um eiga að ná til sama hóps neytenda. Því miður er það málsliðurinn sem féll á brott sem tryggði valddreifingu og meðalhóf, með því að eftirláta aðildarríkjum að tryggja íbúum sínum aðgang að upplýsingum, í samræmi við ákvæði 7. gr. tilskipunarinnar og fyrirmæli 5. gr. TEU.

Um mat framkvæmdastjórnar ESB

Samtökin vilja benda á að í dómaframkvæmd dómstóla ESB hefur þróast sú óskrifaða meginregla að dómstólarnir hafi heimild til að taka efnislegt mat framkvæmdastjórnarinnar til endurskoðunar. Þessari heimild er beitt af varfærni og í dómaframkvæmd hefur reynt samtímis á álitamál um hvort framkvæmdastjórnin hafi lagt rangt mat á fyrirliggjandi gögn og aðstæður, hafi misbeitt valdi sínu eða farið út fyrir valdmörk sín (e. manifest error of assessment, misuse of powers or manifestly exceeded the limits of its discretion)⁴.

Í kafla IV hér að framan var gerð grein fyrir því almennt að framkvæmdastjórnin hafi gengið lengra en nauðsyn virðist réttlæta með framkvæmdareglugerð 2020/2151. Var bent á í dæmaskyni hvernig afleiðingar reglugerðarinnar horfa við stöðu Íslands sem og annarra smærri hagkerfa og málsvæða á jaðri innri markaðarins. Við það má bæta að Ísland sker sig einnig úr vegna sérstakra ástæðna, þ.e.a.s. svokallaðra séríslenskra aðstæðna. Þessar séríslensku aðstæður eiga fyllilega við í sambandi við mat á hvort framkvæmdastjórnin hafi farið út fyrir valdsvið sitt. Séríslenskar aðstæður eiga ekki síður við í tengslum við álitamál hvort framkvæmdastjórnin hafi lagt rangt mat á beiðni íslenskra stjórnvalda um aðlögun á framkvæmdareglugerðinni 2023. Samkvæmt upplýsingum samtakanna var umræddri aðlögunarumleitan synjað á grundvelli jafnræðissjónarmiða og var vísað til þess að Malta hefði ekki fengið undanþágu frá kröfu um að bæði opinberu tungumál Möltu, þ.e. Maltverska og Enska, yrðu notuð á merkingunum. Er það afstaða samtakanna að framkvæmdastjórnin hafi lagt rangt mat á fyrirliggjandi gögn (e. conducted a manifest error of assessment) með þessari niðurstöðu.

Með vísan til þess sem fram kemur í kafla IV hér að framan um lagagrundvöll tilskipunarinnar (gr. 191 TFEU), markmiðs hennar og heimild til framkvæmdagerðar (7. gr. tilskipunarinnar og 5. gr. TEU ásamt viðauka) er ekki að sjá að framkvæmdastjórnin hafi tekið tillit til þess hversu sérstaklega illa krafa um opinbert tungumál kemur niður á íslenskum hagsmunum. Ekki aðeins virðist sem slíkt mat hafi ekki farið fram, og þar með hafi ekki verið fullnægandi mat til grundvallar sem leiðir til manifest error of assessment, heldur virðist synjunin bókstaflega byggð á röngum forsendum, þ.e.a.s. jafnræðissamanburði við Möltu. Er slíkt mat á röngum forsendum einnig sjálfstætt tilvik manifest error of assessment.

Séríslenskar aðstæður sem ekki voru metnar.



Telja samtökin nauðsynlegt að hér verði gerð grein fyrir hinum séríslensku aðstæðum sem eiga við í málinu og þeim hagsmunum sem framkvæmdastjórnin tók ekki tillit til við ákvörðun sína. Er eftirfarandi byggt á upplýsingum sem samtökin hafa aflað frá innlendum fyrirtækjum, samtölum þeirra við erlenda birgja og þekkingu á vörustýringu og virðiskeðjum sínum³.

Í fyrsta lagi ber að taka alvarlega áhyggjur innlendrar verslunar af því að fyrirhugaðar kröfur um merkingar á Íslensku muni leiða til þess að erlendir birgjar hætti sölu vara sinna á íslenskan markað fremur en að breyta framleiðslulínunum sínum fyrir örmarkað á borð við Ísland. Stórir framleiðendur sem byggja viðskipti sín á umfangsmikilli framleiðslu reiða sig á stærðarhagkvæmni til að lágmarka kostnað, sem aftur gerir þeim kleift að vera markaðsleiðandi. Ekki er víst að það myndi svara kostnaði fyrir framleiðendur að stöðva framleiðslulínur sínar til að framleiða sérstaka vörulínu sem einungis er ætluð fyrir markaðssvæði á stærð við Ísland. Afleiðingin yrði sú að íslenskum innflytjendum væri ýtt út í að kaupa vörur af minni framleiðendum, sem ekki ná stærðarhagkvæmni til að tryggja gæðavörur á samkeppnishæfum verðum. Fyrirsjáanleg afleiðing þessa yrði því hærra vöruverð og minna vöruframboð á Íslandi.

Ber þá að hafa í huga að kostnaðarauki við framleiðslu hefur tilhneigingu til þess að rata til neytenda. En það væri ekki eini kostnaðaraukinn í íslenskum virðis_keðjum. Ef vörur fyrir Ísland væru sérframleiddar yrði það líklegast gert í umtalsverðu magni í einu sem mun auka kostnað enn frekar, enda krefst aukið birgðahald aukinna fjármuna. Slíkar aðstæður eru ekki raunveruleiki hagkerfa á stærri málsvæðum. Þó benda samtökin á að jafnvel norðurlöndin teljast öll til minni málsvæða, en til marks um þá má sjá að á norðurlöndum eru vörur merktar samtímis á öllum norðurlandtungumálum. Ekki felst trúverðug lausn í því að bæta íslensku við slíkar samnorrænar merkingar í ljósi þess að íslenskir vöruinnflytjendur myndu þurfa að bera kostnaðinn sem fælist í þeim breytingum sem gera þyrfti á framleiðslulínunum fyrir hin norðurlöndin.



Í þessu samhengi má hins vegar benda á kosti þess að íslensk stjórnvöld heimili notkun merkinga á öðrum norðurlandtungumálum. Á meðfylgjandi mynd af vöru sem fellur undir framkvæmdareglugerðina má sjá að ekki er mikið frávik milli norðurlandtungumála. Íslenska útgáfan af þessum texta er „VARA INNIHELDUR PLAST“. Ætla má að Íslendingar, sem hafa almennt fengið grunnkennslu í dönsku eða öðrum norðurlandamálum í samræmi við skólaskyldu, sjái líkindi orðanna „innehåller“ og „inneholder“ við „inniheldur“. Hið sama á við um líkindi „í“ og „i“. Ef

til vill kann að velkjast fyrir framkvæmdastjórninni að treysta því að Íslendingar geti skilið orðin „produkten“ eða „produktet“. Vissulega er algengara að Íslendingar noti orðið „vara“, þótt orðið „pródukt“ teljist hluti af íslensku máli⁵. Heilt á litið má ætla að munurinn á íslensku

³ Ekki koma fram töluleg gögn, m.a. á grundvelli samkeppnissjónarmiða. Óski ráðuneytið eftir slíkum upplýsingum geta samtökin veitt ráðuneytinu aðstoð við slíka upplýsingaöflun.



og hinum norðurlandamálunum sé svo minniháttar að hann gæti talist sambærilegur mállýsku-blæbrigðum í öðrum tungumálum.

Að endingu er vert að halda því til haga að flestir á Íslandi tala eða skilja ensku, m.a. vegna þess hve íslenska málsvæðið er fámennnt. Þá ber einnig að hafa í huga að á Íslandi er töluverður fjöldi fólks sem ekki er gefið að hafi ávinning af því að upplýsingar séu aðgengilegar á íslensku. Samkvæmt upplýsingum Hagsofunnar voru í lok ársins 2024 69.691 innflytjendur á Íslandi, eða rúmlega 18% íbúa⁶. Allur gangur er á hversu lengi aðflutt fólk býr á Íslandi og hversu vel því gengur að læra tungumálið. Hið sama má segja um þær rúmlega 2,2 milljónir ferðamanna sem sækja Ísland heim ár hvert. Hlýtur að teljast til undantekninga að í þeim hópi sé fólk sem myndi frekar skilja merkingar á Íslensku en öðrum málum.

Að því gefnu að til Íslands myndu berast vörur með því orðalagi sem er hið rétta að mati framkvæmdastjórnar ESB, má sem fyrr segir ætla að birgðahald yrði þungt í vöfum og kostnaðarsamt. Þar að auki myndu vörur berast til Íslands með töluverðum töfum. Erlendir framleiðendur þurfa að gæta að sínum framleiðsluáætlunum. Ef til þess kæmi að eftirspurn eftir vöru ykist ófyrirsjáanlega á Íslandi, kynnu birgðir í landinu að klárast áður en framleiðslulota fyrir íslenskan markað væri komin í gang. Þá væru reglur sem settar eru fyrir innri markað EES orðnar þess valdandi að vöruskortur á nauðsynjavörum væri kominn upp á íslenskum markaði. Ekki væri hægt að bregðast við því, þar sem samhliða innflutningur, sem er ein af meginstöðum innri markaðar EES, hefði verið útilokuð.

Álitamál um hvort hægt væri að uppfylla tungumálakröfu framkvæmdareglugerðarinnar með límmiðum á vöruumbúðir sem fluttar eru til landsins, eru að nokkru leyti ávörpuð í framkvæmdareglugerðinni sjálfri þar sem segir að slík lausn hafi aðeins staðið til boða fyrir vörur sem framleiddar voru fyrir 4. júlí 2022. Aðlögun sem myndi heimila íslenskum innflytjendum að nýta slíka límmiða er, þótt hún sé illskárri en að missa vörur af markaði, háð ýmsum ókostum, ekki síst því að samkvæmt upplýsingum sem veittar hafa verið samtökunum myndi kostnaður hvernar pakkningar aukast gífurlega.

Jafnræðis-samanburður við önnur ríki er rangur grundvöllur mats.

Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir þeim séríslenskum sjónarmiðum sem samtökin telja að hafi verið virt að vettugi við undirbúning framkvæmdareglugerðarinnar. Þessi sjónarmið eiga einnig við þegar litið er til þess að framkvæmdastjórnin lagði að mati samtakanna rangt mat til grundvallar við ákvörðun um synjun á aðlögun framkvæmdareglugerðarinnar í íslenskan rétt. Ekki síst skipta hin séríslensku rök og/eða séríslensku aðstæður máli m.t.t. að synjunin hafi verið reist á samanburði við Möltu. Að einhverju marki stendur Malta frammi fyrir áþekktum áskorunum og Ísland en löndin eru þó ekki að öllu leyti sambærileg og hefði framkvæmdastjórninni því borið að framkvæma sjálfstætt mat á íslenskum hagsmunum. Á þeim grundvelli telja samtökin einnig að mat framkvæmdastjórnarinnar sé háð vanköntum sem leiða til þess að endurskoðunarvald dómstóla nái til þess.

Ósanngjörn áhrif í garð kvenna sem nota tíðavörur

Að framangreindu sögðu vilja samtökin gera sérstaklega grein fyrir því hvernig hinar séríslensku aðstæður verða þess valdandi að innleiðing framkvæmdareglugerðarinnar með



tilvísunaraðferð koma hlutfallslega verr niður á tilteknum þjóðfélagshópi, þ.e.a.s. konum eða öðrum einstaklingum sem nota tíðavörur.

Sem fyrr segir má sjá í hendi sér að birgjum muni fækka og verð hækka. Tíðavörður verða þá ekki undanskildar slíkri fyrirsjáanlegri markaðsþróun. Því mun verðhækkun, minna vöruúrval og möguleg rýrnun á gæðum vara á markaði koma sérstaklega niður á konum. Fyrir margar konur er um að ræða nauðsynjavörur sem þær geta ekki sleppt að kaupa eða dregið úr notkun á. Því alvarlegri væri sá möguleiki að til vöruskorts kæmi vegna ósamræmis í framleiðsluáætlun framleiðanda og ófyrirséðrar aukningar í eftirspurn. Staðgönguvörur yrðu, sem fyrr segir, færri og hugsanlega af verri gæðum en í öllum tilvikum dýrari.

Þar sem um er að ræða vörur sem einungis hluti samfélagsins þarf á að halda, í þessu tilviki konur sem nota tíðavörur, leiðir innleiðing reglugerðarinnar með tilvísunaraðferð fyrst og fremst til aukins kostnaðar fyrir þann afmarkaða hóp. Það verður að teljast afar óheppilegt með tilliti til sjónarmiða um kynjajafnrétti. Samtökin telja nánast útilokað að þetta hafi vakað fyrir framkvæmdastjórninni þegar tilskipunin var sett, þegar framkvæmdareglugerðin var sett eða þegar aðlögunarbeiðni íslenska ríkisins var neitað. Þessi ómálefnalega og ósanngjarna niðurstaða í garð kvenna á Íslandi sem nota tíðavörur hlýtur því að vera afleiðing mistaka og efnislega rangs mats, svokölluðu *manifest error of assessment*.

Gagnvart konum sem nota tíðavörur er tungumálakrafa framkvæmdareglugerðarinnar því bæði ósanngjörn og gangslaus, enda ljóst að stór hluti þeirra kvenna sem kaupa tíðavörur hér á landi eru ferðamenn eða innflytjendur sem tala í mörgum tilfellum ekki íslensku. Rennir það frekari stoðum undir þann grun samtakanna að mistök hafi átt sér stað í lagasetningarferlinu, hvort heldur við val á orðalagi sjálfrar framkvæmdareglugerðarinnar eða þegar aðlögunarbeiðni íslenska ríkisins var synjað.

Niðurlag

Með hliðsjón af framangreindu telja samtökin forsendur innleiðingar reglugerðarinnar í íslenskan rétt með tilvísunaraðferð undirorpnar nægilegum vafa, til þess að stjórnvöld beiti sér fyrir því að látið verði reyna á lögmæti þeirrar tungumálakröfu sem gerð er í framkvæmdareglugerð ESB 2020/2151. Miklu máli skiptir að tillit sé tekið til íslenskra aðstæðna við innleiðingu EES-reglna og vilja samtökin því hvetja stjórnvöld til að gæta hagsmuna Íslands eftir fremsta megni, t.a.m. fyrir EFTA-dómstólnum.

Að framangreindu sögðu er afstaða samtakanna sú að við innleiðingu framkvæmdareglugerðarinnar í íslenskan rétt skuli aðeins gera þá kröfu að merkingar plastvara verði á ensku eða öðru norðurlandatungumáli (utan finnsku), enda ljóst að slíkt nægir svo að markmið reglugerðarinnar teljist uppfyllt.

Virðingarfyllt,



f.h. Samtaka atvinnulífsins

Lilja H. Lúðvíksdóttir

Lilja Hrund Lúðvíksdóttir
lögfræðingur



f.h. SVP - Samtaka verslunar

og

Kristinn Már Reynisson

þjónustu

Kristinn Már Reynisson
lögfræðingur

